

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákvæðum þús.kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistöktutíma laganna.	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku- kaups:		
1. mars 1980	6 912	20 735
1. júní 1980	7 720	23 160

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

11. júní 1980.

Nr. 335.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftholt, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina SKAFTHOLT.

1. gr.

Sveitabýlið Skaftholt í Gnúpverjahreppi er sjálfseignarstofnun. Eignir hennar eru jörðin Skaftholt ásamt mannvirkjum öllum, húsum, búpeningi, rækun, girðingum, lausafjármunum og öllum gögnum og gæðum.

Stofnendur eru:

Guðfinnur E. Jakobsson, garðyrkjufraeðingur, Þelamörk 78, Hveragerði.
Jakobína Gunnþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Þelamörk 78, Hveragerði, og
Arnþrúður Sæmundsdóttir, „Lákepedagog“ Lynghaga 20, Reykjavík.
Heimili sjálfseignarstofnunarinnar og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar sjálfseignarstofnunarinnar skal aflað með því að taka á móti gjöfum, framlögum, styrkjum, áheitum o. s. frv.

Tekjum af starfsemi skal varið til rekstrar eða fjárfestingar í starfsemi þeirri, sem stofnunin hefur á sínum vegum.